

Ályktun 42. þings BSRB um efnahagsmál

Almannaþjónusta er undirstaða samfélagsins, forsenda framfara og uppbyggingar atvinnulífsins. Allir eiga að hafa jafnan og öruggan aðgang að allri almannaðjónustu. Það er grundvallaratriði að svo verði áfram. Almannaðjónustuna ber að reka á samfélagslegum grunni af opinberum aðilum þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Reynsla þeirra þjóða sem hafa einkavætt stofnaðjónustu samfélagsins, þar á meðal heilbrigðisþjónustu og veitukerfi, er að hún hefur reynst dýrari og óhagkvæmari.

Í kjölfar hrunsins í íslensku efnahagslífi á síðasta ári gengur þjóðin nú í gegnum eitt mesta samdráttarskeið í sögu lýðveldisins. Skuldastaða heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins hefur versnað verulega og ljóst þykir að lífskjör muni enn versna á komandi árum verði ekkert að gert. Fyrir liggur að skera þarf niður á ýmsum sviðum. Af þeim ástæðum er brýn nauðsyn að standa vörð um velferðarþjónustuna. Þá verður að tryggja að hrapaleg mistök stjórnvalda liðinna ára, í skjóli kenninga um frelsi og eftirlitsleysi með fjármála-, atvinnu- og efnahagslífinu, endurtaki sig ekki.

Efla þarf vitund um viðskiptasiðferði í því augnamiði að byggja upp trúnað og traust í samfélaginu. Margar stofnanir og fyrirtæki hafa þurft að draga verulega saman í rekstri, eða hætta starfsemi, sem leitt hefur til uppsagna starfsmanna með tilheyrandi afleiðingum. Eitt af meginmarkmiðum íslenskra stjórnvalda og atvinnulífsins á næstu árum og áratugum er að byggja upp efnahagslegt og lífvænlegt rekstrarumhverfi.

Við enduruppbyggingu efnahags- og atvinnulífsins þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar þá peningamálastefnu sem hér hefur verið við lýði á síðustu árum. Ríkjandi peningamálastefna sem byggir á verðbólguþjálfun Seðlabanka Íslands hefur leitt til gríðarlega hárra vaxta með tilheyrandi kostnaði fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili. Óstöðugleiki í gengismálum veldur verulegum vandræðum á flestum sviðum þjóðfélagsins og því leggur þing BSRB mikla áherslu á að leitað verði allra leiða til tryggja gengisstöðugleika.

Vegna slæmrar skuldastöðu íslenskra heimila hefur efnahagshrunið komið mjög illa niður á þeim. Viðvarandi verðbólga og gengisþróun hefur leitt til hækkandi höfuðstóls lána á sama tíma og kaupmáttur launa hefur minnkað verulega. Margar fjölskyldur standa nú ráðþrota frammi fyrir sífellt hækkandi afborgunum af lánnum og sjá ekki fyrir endann á fjárhagsvandræðum sínum. Þau úrræði sem nú eru í boði af hálfu stjórnvalda henta einungis hluta heimila. Stjórnvöld verða að grípa til markvissra aðgerða til að taka á vanda heimilanna – styrkja kaupmátt launa og stuðla jafnframt að sem víðtækastri sátt í samfélaginu.

Stefnt skal að því að endurskoða vísitölubindingu lána með það að markmiði að afnema hana í áföngum.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í efnahagsmálum:

- Endurskoða þarf regluverk um fjármálastarfsemi
- Styrkja þarf eftirlitsstofnanir ríkisins
- Stofnanir sem starfa í almannaðjónustu skulu vera í almannaæign og ekki hlutafélagavæddar
- Efla þarf samstarf meðal íslenskra og erlendra fjármálaeftirlitsstofnana
- Taka þarf peningamálastefnu Seðlabanka Íslands til endurskoðunar
- Stuðla þarf að bættu viðskiptasiðferði í efnahagslífinu

- Stórnvöld grípi til markvissra aðgerða til að taka á vanda heimilanna og stuðla jafnframt að sátt í samfélaginu.